

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfur götu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Bóksalinn úr Hnífsdal

Óhætt er að segja að Hnífsdælingurinn Kristján Freyr Halldórsson sé maður sem er margt til lista lagt. Hann er verslunarstjóri bókaúðar Máls og menningar, trommari í þremur hljómsveitum, einn af skipuleggjendum tónistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður frá upphafi, formaður Félags bóksala á Íslandi og margt fleira. Kristján Freyr er í opnuviðtali.

— sjá bls. 10-11

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINNS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 5. júní 2014 · 22. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Kosninga-
stemmning
á Silfurtorgi

Vilberg Vilbergsson, tók lagið fyrir gesti og gangandi á Silfurtorgi á föstudag í aðdranganda kosninganna.

Pú færð allt til handfæraveiða hjá okkur

- KRÓKAR
- HANDFÆRAGIRNI
- SÖKKUR
- SIGURNAGLAR
- RÖLLUGEYMAR
- DÆLUR
- SJÓFATNAÐUR

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði

Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL Á EBOX.IS

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.


EIMSKIP

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Í-listinn fékk hreinan meirihluta

Í-listinn, sameiginlegur listi Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs og Frjálslynda flokksins, fékk hreinan meirihluta, eða fimm menn kjörna í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag. Í-listinn fékk 887 atkvæði eða 42,5% greiddra atkvæða. D-listi Sjálfstæðisflokks fékk 652 atkvæði (31,2%) og þrjá menn kjörna, B-listi Framsóknarflokksins fékk 314 atkvæði (15,0%) og einn mann kjörinn og Æ-listi Bjartrar framtidar fékk 165 atkvæði (7,9%) og engan mann kjörinn.

Á kjörskrá í Ísafjarðarbæ voru 2.699. Alls kusu 2.087 sem svarar til 77,3% kosningapáttöku. Auð atkvæði voru 55 og 14 atkvæði voru ógild. Næstu bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skipa Arna Lára Jónsdóttir (Í), Daníel Jakobsson (D), Kristján Andri Guðjónsson (Í), Jónas Þór Birgisson (D), Marzellíus Sveinbjörnsson (B), Nanný Arna Guðmundsdóttir (Í), Sigurður J. Hreinsson (Í), Kristín Hálfðánsdóttir (D) og Gunnhildur B. Elíasdóttir (Í). Næsti bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, verður Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóraefni Í-listans.



Þverpólitík og persónufylgi Gísla skýra sigur Í-listans

Gísli Halldór Halldórsson, verðandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir tvær megin ástæður fyrir miklu fylgi Í-listans. „Annars vegar sú staðreynd að Í-listinn er

þverpólitískt afl. Mun þverpólitískari en hann hefur verið áður. Hins vegar mitt persónufylgi. Eitt helsta loforð Í-listans var að gera mig að bæjarstjóra og fólki virtist

líka það vel,“ segir Gísli Halldór. Í-listinn fékk 44% atkvæða og jókst fylgið um fjögur prósent frá kosningunum 2010. Ný bæjarstjórn tekur við um miðjan júní



Gísli Halldórsson.

og þá verður Gísli Halldór ráðinn sem bæjarstjóri. Í-listinn er í þeirri stöðu að geta tekið öll formennskusæti í nefndum bæjarins. Hann útilokar ekki að minnihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks verði boðið for-

mennsku í nefndum.

„Það er ekki mitt að ákveða en ég hugsa að við leyfum sem flestum að njóta sín, það er lýðræðislegt. Það eina sem ég get sagt er að það er ekki búið að útiloka neitt í þeim efnum og ég hugsa að það verði alveg örugglega skoðað.

Kjörsókn á landinu var dræm og hefur ekki verið lélegri í 60 ár. Á landinu var kjörsókn 66 prósent en í Ísafjarðarbæ var hún 77 prósent. Gísli Halldór skýrir betri kjörsókn í Ísafjarðarbæ með þeirri sem lá í loftinu. „Það var spenna milli Í-listans og Sjálfstæðisflokks og það er líklegt til að glæða kjörsóknina. Þetta var hörð kosningabarátta og háður harður áróður þó það hafi ekki verið fyrir neðan beltisstað,“ segir Gísli Halldór.

– smari@bb.is

Vilt þú verða bátameistari?

Við leitum að starfsmanni á stað okkar á Ísafirði

Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 696-7056. Umsóknarform má finna á Subway.is

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslu- og þjónustustörfum. Við gerum kröfu um þjónustulund, samviskusemi og jákvæðni.



D-listi áfram í meirihluta í Bolungarvík

D-listi sjálfstæðismanna og óháðra hélt meirihluta sínum í kosningunum á laugardag í Bolungarvík, fékk 61,6% atkvæða og fjóra menn kjörna. M-listinn Máttur meylla og manna fékk 38,3% og þrjá menn. Kjörsókn var 76,23%. Í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn verða Elías Jónatansson, Margrét Jómundsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir og Baldur Smári Einarsson. Soffía Vagnsdóttir, Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir og

Guðrún Stella Gissurardóttir verða fulltrúar M-listans.

Hreppslistinn er sigurvegari kosninganna í Súðavíkurhreppi, hlaut 61,6% atkvæða og þrjá menn kjörna. Lýðræðislistinn fékk 38,4% og tvo menn. Kjörsókn var 88,19%. Í hreppsnefnd verða Pétur Georg Markan, Anna Lind Ragnarsdóttir og Sigmundur H. Sigmundsson fyrir Hreppslistann. Eiríkur Valgeir Scott og Halldór Pétursdóttir verða fulltrúar Lýðræðislistans.

Vorsýning á Vestfjörðum



ALWAYS A
BETTER WAY



Við sýnum glæsilega bíla frá Toyota og Lexus hjá **Bílatanga á Ísafirði**. Yaris Hybrid, RAV4, Hilux, Land Cruiser 150 og Lexus RX 450h. Komdu, reynsluaktu og njóttu veitinga með okkur.

Laugardagur 7. júní, opið frá kl. 11.00 -17.00
Sunnudagur 8. júní, opið frá kl. 12.00 -16.00

Hlökkum til að sjá þig.

Toyota Kaup túni
Kaup túni 6
Sími: 570-5070
www.toyotakaupuni.is

Ráðgjafi okkar á staðnum:
Hlynur Ólafsson s. 693 3005



LEXUS
Kaup túni 6 | sími 570 5400



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Þegar upp er staðið

Þegar veruleikinn blasir við á ný takast menn í hendur, hvoru megin sem atkvæðin hafa fallið. Staða liðanna er misjöfn. Sum þeirra geta ein og óstudd haldið áfram, önnur þurfa að leita sér liðsins og sum eru hreinlega dæmd úr leik. Ef þannig vindar geta þau tekið upp þráðinn að nýju, eftir fjögur ár.

Ný afstaðnar sveitarstjórnarkosningar höfðu í mörgu nokkra sérstöðu. Fjöldi framboða, í bland nýrra og gamalla, fjórflokkurinn með alls kyns viðbótar nafnskreytingum, var með meira móti á heildina litið. Sjálfsagt hið besta mál þótt eflaust hafi það ekki auðveldað fólki að ákveða krossfestinguna. Tilbreytni frá hefðinni voru óneitanlega óbundnu kosningarnar í nokkrum hreppum og óneitanlega bar sáttin og samlyndi í Vesturbyggð vott um samstöðu. Ef rétt er munað var sama upp á teningnum í Bolungarvík fyrir einhverjum árum. Einfalt og ódýrt fyrirkomulag, tilbreytni, en vart æskilegt sem vanabindandi.

Með nokkrum undantekningum var kjórsókn lífil og virðist fara minnkandi. Það sem veldur mestum áhyggjum er doðinn sem ungir kjósendur virðast haldnir. Áhuga- og afskiptaleysi ungs fólk gagnvart stjórnarmálum er í sjálfu sér alvarlegt mál. Auðvitað henta afskipti af stjórnarmálum ekki öllum, frekar en það hentar ekki öllum að gerast lækna. Fram hjá hinu verður ekki horft að stjórnsýsla, hvort heldur er um að ræða Alþingi eða sveitarstjórnir, gengur ekki sjálfkrafa. Þar af leiðandi verður ekki komist hjá því að einhverjir axli vandann. Slíkt á ekki að vera nauðungarverk. Þaðan af síður mannskemmandi.

Fyrir kosningar lögðum við þá einföldu staðreynd á borðið fyrir verðandi vestfirski sveitarstjórnarmenn, að þeirra biði það mikilvæga og erfiða hlutverk, að „vinna Vestfirðum allt.“ BB hefur ekkert legið á þeirri skoðun sinni að við ramman reip er að draga. Ítrekað hefur blaðið minnt á hvernig Vestfirðingar hafa verið sniðgengnir með einum og öðrum hætti af hinu opinbera. Nefnum aðeins að sinni raforku: Dagana fyrir kosningar, á sama tíma og ekki hefur verið lyft litla fingri, árum saman, til að skapa Vestfirðum stöðu til jafns við aðra landshluta, hvað raforku varðar, voru undirritaðir samningar um orkusölu til þriggja kísilversmiðja! Hvað verður afgangur þegar virkjað hefur verið (meðal annars í neðanverðri Þjórs?) til að mæta orkuþörf þessara einlita draumaverkefna ríkisvaldsins? Er Vestfirðingum áfram ætlað að búa við „þriðja flokks raforkukerfi, nokkuð sem er hvorki stjórnvöldum né orkufyrirtækjum til sóma“ eins og þá. iðnaðarráðherra orðaði það á því herrans ári 2008?

BB óskar vestfirskum sveitarstjórnarmönnum heilla í störfum. *s.h.*

Spurning vikunnar

Hvaða framboðslista í Bolungarvík hyggst þú kjósa?

Alls svöruðu 743.

D-lista sögðu 305 eða 41%

M-lista sögðu 438 eða 59%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ekki í takt við okkar upp- lifun í kosningabaráttunni

Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ og fráfarandi bæjarstjóri, getur ekki sett fingurinn á hvað olli fylgistapi Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn fékk 32,3% atkvæða og tapar tæpum 10 prósentum frá því í kosningunum 2010. „Ég bara veit ekki hvað veldur þessu og ég held að það sé kannski engin ástæða fyrir þessu. En þetta er vilji kjósenda og við það verðum við að setta okkur,“ segir Daníel. Hann segir úrslit kosninganna engan veginn vera í takt við það sem hann og aðrir frambjóðendur upplifðu í kosningabaráttunni.

Fylgistap Sjálfstæðisflokksins



Daníel Jakobsson. dreifist á öll hin framboðin, bæði Í-listi og Framsóknarflokkurjuku fylgi sitt og Björt framtíð kom ný inn. Daníel segir erfitt að lesa

úr þessu að öðru leyti en því að það sé mikið flæði á fólki og fylgið fari í allar áttir. Það leggst vel í hann að setjast í bæjarstjórn. „Við munum leggja okkur fram að vinna fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar.“

Bæjarstjórnarskipti fara fram um miðjan júní. „Ég er kominn í sumarfrí. Ég var búinn að ljúka mínum verkum fyrir kosningar en ég verð fólki innan handar ef á þarf að halda,“ segir Daníel. Hann hefur tekið við starfi í fyrirtæki hans og konu hans en þau ásamt fleirum keyptu meirihluta hlutfjár í Hótel Ísafirði fyrir tæpum tveimur árum.

– smari@bb.is

Björt framtíð 13 atkvæðum frá því að ná inn manni

Björt framtíð var einungis 13 atkvæðum frá því að ná manni inn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Björt framtíð fékk 165 atkvæði og hefðu 178 atkvæði nægt til að fella Gunnhildi Elíasdóttur, Í-lista, úr bæjarstjórn. „Það er kannski auðveldara að tapa með miklum mun. Þegar þetta er svona tæpt þá fer maður að hugsa hvort maður hefði ekki getað gert betur, byrjað baráttuna fyrr,“ segir Benedikt Bjarnason, oddviti Bjartrar framtíðar. Hann segist samt ánægður með viðtökurnar.

„Þetta var stutt en skemmtileg ferð sem hefði gjarnan mátt vera lengri. Við höfðum ekki úr miklu að spila og vorum ekki mjög sýnileg. Við eyddum sáralitlum peningum, það hleypur á nokkrum tugum þúsunda. Maður fær kannski að heyra sögurnar eftir á en ég varð ekki var við annað en að kosningabaráttan hafi verið heildarleg á yfirborðinu í það minnsta“ segir Benedikt.

Honum finnst vera hljómgrunnur fyrir þeim málum sem Björt framtíð talar fyrir og þeirri pólitísku aðferðafræði sem flokkurinn vill sjá. „Það sést best á því



Benedikt Bjarnason

að hin framboðin tóku þau upp. Hvort það eru orðin tóm verður að koma í ljós. Við áttum mjög skemmtilegt samtal við kjósendur og það er óskandi að nýju pólitíkusarnir haldi því áfram. Það sem þarf að gera hleypur ekki endilega á hundruðum milljóna króna. Það þarf að huga að nærumhverfinu og tala við fólkid.“

Í-listinn verður með hreinan meirihluta í bæjarstjórn. Benedikt óttast ekki að Í-listinn verði

of einráður. „Ég trúir því að þau sýni það í verki að Í-listinn sé það þverpólitíska afl sem þau segjast vera. Það er fólk á listanum sem er utarlega á vinstri kantinum og alveg út á hægri vænginn. Ég hefði áhyggjur ef það væri einn flokkur með eina stefnu sem hefði náð hreinum meirihluta. En ég vil óska Í-listanum til hamingju með góða kosningu og ég vona að þeim farnist vel næstu fjögur árin,“ segir Benedikt.

– smari@bb.is

Framsóknarmenn sáttir

„Ég er sáttur þó ég hefði viljað fá Helgu Dóru inn. Við fórum upp um eitt prósent frá síðustu kosningum og þegar ég sé hvað samstarfsflokkurinn í meirihlutnum tapaði miklu fylgi þá get ég ekki verið annað en sáttur,“ segir Marzellíus Sveinbjörnsson,

oddviti Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ. Flokkurinn fékk 15,5 prósent og einn mann kjörinn í bæjarstjórn. Framsóknarflokkurinn hefur verið í meirihluta í bæjarstjórn síðan 1998 og tapaði Sjálfstæðisflokkurinn tíu prósentum. Marzellíusi kvíðir

ekki að vera í minnihluta.

„Ég ætla ekki að vera í minnihluta til að vera á móti öllum sköpuðum hlutum. Ég mun styðja öll góð málefni og ég veit að við sem tókum sæti í nýrri bæjarstjórn höfum að sama markmiði að gera góðan bæ betri.“

GARÐADAGAR FRABÆRT VERÐ



20%
afsláttur

Af allri
pallaoliu



HM TILBOÐ
56.900 kr
~~59.600~~

Broil King
Good Barbecue Every Time

Gasgrill Broil King Royal 320
3 ryðfrír brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h
Grillflötur: 38 x 67 cm. Hitamælir í loki
3000604



HM TILBOÐ
129.900 kr
~~149.900~~

Broil King
Good Barbecue Every Time

Gasgrill Broil Baron 590
5 ryðfrír brennarar: Dual Tube 13,2 kW/h,
2,7 kW/h Hliðarhella. Grillflötur: 44 x 81,28
cm. Hitamælir í loki
3000601

Stjúpusprengja

Stjúpur
10 stk í bakka

799 kr

verð áður 1.290



Pelargónía
899 kr

Nellikka
599 kr
10 cm pottur

25%
afsláttur

Allar hekk- og
greinaklippur

Hekklippur
GT5050, 500W
50 cm blað.
Klippir allt að 22 mm
5083643

25% afsláttur
12.746 kr
~~16.995~~

Hekk- og greinaklippur
GREEN-IT, 2 stk.
54 cm og 20 cm langar
5084773



25% afsláttur
2.246 kr
~~2.995~~

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Vaktstjóri Ísafirði

Starf vaktstjóra hjá þjónustustöðinni á Ísafirði er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Yfir vetrartímamann er unnið á vöktum sem spannar tímann frá kl. 05:30 til 22:00. Yfir sumartímamann er unnin hefðbundin dagvinna.

Starfssvið

- Vöktun á rafrænum veg- og tækjabúnaði og mælitækjum ásamt greiningu á upplýsingum frá þeim.
- Upplýsingamiðlun og útsending viðvarana ásamt boðun aðgerða.
- Umsjón og viðhald á greiningar- og skráningarbúnaði tækja.
- Viðhald og þjónusta vega, vegganga og vegbúnaðar.
- Ýmis vinna í starfsstöð á Ísafirði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt grunn nám.
- Góð kunnátta í íslensku.
- Tölvukunnátta nauðsynleg.
- Almennt bílpróf.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi réttindi á vinnuvélar.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á aðstæðum m.t.t. vega og veðurs á landinu.
- Haldgóð þekking á fjarskipta- og tækni-búnaði.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góðir samstarfshæfileikar.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 16. júní 2014. Umsóknir berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar, netfang oth@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur R. Björgvinsson, yfirverkstjóri í síma 522 1661. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Fasteignaverð tvöfaldast

Frá árinu 2008 hefur fasteignaverð í Bolungarvík tvöfaldast. Á sama tíma hefur verð hækkað um 9,8% miðað við meðalverð á fermetra. Árið 2008 var meðalverð á fermetra í Bolungarvík 55.440 krónur og hélst nokkuð stöðugt út árið 2010. Verðið tók mikinn kipp 2011 og hefur verið stöðugt upp á við síðan. Mesta hækkunin varð milli árunna 2013 og 2013 þegar fermetraverð fór úr 77 þúsund krónum í 110 þúsund krónur. Í fyrra var fermetra-verð á Ísafirði lægra en í Bolungarvík eða 105 þúsund krónur. Meðalkaupverð fasteigna er einnig herra í Bolungarvík, 15,2 milljónir króna á móti 14,4 milljónum króna á Ísafirði. Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, segir það alveg ljóst að göng-



Elías Jónatansson.

in hafi mikið um þetta að segja. Bolungarvíkurgöng voru opnuð í september 2010.

„Göngin hafa gríðarlega mikil áhrif og þessi hækkun á fasteignaverði er nákvæmlega það sem við höldum að myndi gerast með göngunum og áhrifin sást strax á byggingartímanum. Trú

manna á samfélaginu jókst og fasteignverð á Ísafirði og Bolungarvík er í dag sambærilegt. Göngin færðu okkur nær hvoru öðru,“ segir Elías. Hann segir skýringu á herra fasteignaverði einnig að finna í uppbyggingu í atvinnulífi. „Menn hafa fjárfest í aflaheimildum og bátum og við það aukast tekjur bæjarbúa og störfum fjölgar.“

Staðan í Bolungarvík í dag er að eftirspurn eftir húsnæði er meiri en framboðið en verðið ennþá of lágt til að farið verði út í nýbyggingar. „Það eru bara tvær leiðir í því. Annað hvort þarf fasteignaverð að hækka enn meir eða byggingarkostnaður að lækka en það ekki svo einfalt mál. Stóra málið er að trú manna á samfélaginu aukist,“ segir Elías.

Ferðablaðið Vestfirðir komið út

Nýtt og brakandi ferskt ferðablað er komið í dreifingu og er þetta 20. sumarið í röð sem blaðið kemur út. Í blaðinu má finna upplýsingar um ferðapjónustuaðila á Vestfjörðum, helstu ferðamannastaði og annað sem ferðamanninum leikur forvitni á að vita. Finna má mikinn fróðleik um fuglalíf og náttúrulef á Vestfjörðum í blaðinu, sem og viðtöl við þjóðþekkt einstaklinga um

þetta merkilega landsvæði. Ritstjórar eru þær Sunna Dís Másdóttir og Berglind Häsler.

„Ferðalög á Vestfjörðum eru viðburðarrík. Það er ekki hjá því komist þegar fjaran kallar og fjöllin teygja sig upp í himininn og leggja á ráðin næsta ævintýri til að bera á borð fyrir ferðalanga. Hver veit hvað bíður handan næstu þúfu – yfirgefið og draugalegt eyðibýli, kannski? Ný mynd-



listarsýning í dansi við náttúruna? Eða kannski innblásinn rithöfundur að störfum?

Það er nóg um að vera og við að vera á Vestfjörðum og blaðið ber þess skýr merki. Tónlistarháttíð á Drangnesi, heimildamyndaháttíð á Patreksfirði, myndlistarsýning í Vesturbýggð, Mýrabolti á Ísafirði – svo ekki sé nú minnst á allar bæjarháttíðirnar sem setja svip sinna á sumarið – er ekki nema brot af því sem á daga ferðalanga getur drifið. En í öllu þessu ríkidæmi uppákoma og viðburða verður líka að gæta þess að henda dagatalinu út um gluggann og gleyma öllu sem tengist tíma. Finna tímaleysið sem felur sig í jökulskornum fjöllum og lygnum fjörðum.

Ferðalögum um Vestfirði tilheyrir nefnilega ekki síður að leggjast niður í mjúkt lyng, horfa upp í langt að komin ský og láta sig dreyma um líf þar maður þarf aldrei að halda áfram för. Að freistast til að stinga sér í sjóinn að kvöldlagi. Að teikna í rauðan sand með tánum og láta sig engu varða hvort það sé morgunn eða kvöld,“ segir í ritstjóraspjalli Sunnu Dísar og Berglindar.

– smari@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR



ÚTBOÐ – ÍSAFJARÐARBÆR - SUÐUR-EYRI – ÞEKJA OG LAGNIR

Hafnir Ísafjarðarbæjar óska eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

- Bygging veituhúss.
- Leggja og tengja vatnslagnir með tilheyrandi Úttaksbrunnum.
- Leggja ídráttarrör fyrir rafmagn með tilheyrandi úttaksbrunn.
- Steypa þekju , 1.200m²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. ágúst 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttöku) og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar frá og með þriðjudeginum 27. maí 2014. Verð útboðsgagna er kr. 5.000.-

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 10. júní 2014 og verða þau önuð þar kl. 14:15 þann dag.



NYTT

Mjúkís

Ís ársins 2014



Komdu þér í mjúkinn

Biðin er á enda. Mjúkís ársins 2014 er loksins kominn í verslanir. Dúnmjúkur undir tönn, bragðmikill og blandaður með kökum og kremi að amerískum sið. Verði ykkur að góðu.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ


Hafnir Ísafjarðarbæjar óska eftir tilboðum í byggingu vogarhúss á Suðureyri. Um er að ræða þann hluta hússins sem byggður er úr timbri, þ.e. efri hæð hússins. Grunnflötur efri hæðar er um 34m² og 113m³. Verkið felur í sér byggingu timburbyggingar ofan á steinsteypa neðri hæð hússins. Í verkinu felst einnig frágangur innanhúss og að klæða húsið að utan með liggjandi báruálsklæðningu.

Helstu magntölur eru:

- Áætlaður útveggjaflötur 128m²
- Áætlaður þakflötur 48m²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2014.

Útboðsgögn verða afhent hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, Aðalstræti 26, 2.h.h. 400 Ísafirði frá og með þriðjudeginum 10. júní 2014. Tilboðin verða opnuð á sama stað 20. júní 2014 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Vestur



Með stærðarhagkvæmni og jákvæðri ímynd Vestfjarða vonast fyrirtækin til að afla sér nýrra markaðssvæða fyrir sjávarafurðir.

Vestfirsk útvegsfyrirtæki sameinast um sölu- og markaðsmál

Fyrirtæki innan Sjávarútvegsklasa Vestfjarða hafa stofnað fyrirtækið Iceland Westfjords Seafood sem mun vinna að frekari þróun í sölu- og markaðsstarfi á afurðum fyrirtækjanna. Þróunin mun m.a. byggja á jákvæðri ímynd á umhverfi Vestfjarða ásamt því að sérstök áhersla verður lögð á ný markaðssvæði með stærðarhagkvæmni í huga. Aðalsteinn Egill Traustason, viðskiptalögfræðingur frá Háskólanum á Bifröst, mun leiða verkefnið og verður aðalskrifstofa hins nýja

félags í Ísafjarðarbæ. Aðalsteinn er þessa dagana að pakka niður búslóð fjölskyldunnar og flytur fljótlega vestur á firði. Stjórnarformaður Iceland Westfjords Seafood er Kristján G. Jóakimsson, vinnslu og markaðsstjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar hf.

Að Iceland Westfjords Seafood standa Hraðfrystihúsið - Gunnvör í Hnífsdal, Klofningur á Suðureyri, Jakob Valgeir í Bolungarvík, Oddi á Patreksfirði, Þórsberg á Tálknafirði, Arctic Oddi á Flateyri og Íslandssaga á Suður-

eyri. Sjávarútvegsklasi Vestfjarða er upphaflega sérverkefni innan Vaxtarsamnings Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, sem hefur haft það markmið að auka samkeppnishæfni svæðisins. Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum á vegum SKV, svo sem flutningamálum, orkumálum, og uppbyggingu fiskeldis. Stofnun hins nýja félags er því enn eitt verkefnið sem fyrirtæki á Vestfjörðum sameinast um.

– smari@bb.is

Fjárhagur Íslandssögu endurskipulagður

Stjórnendur Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. á Suðureyri vinna að endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækisins. Þeir segja að frétt DV um kaup íslensks lífeyrisjóðs á hlut í fyrirtækinu sé ekki komin frá félaginu.

Endurskipulagningin er á viðkvæmu stigi og segja þeir Guðni Einarsson, stjórnarformaður Fiskvinnslunnar Íslandssögu, og Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri, að engin niðurstaða sé komin í málið og ekki tímabært

að tjá sig nánar um það á þessu stigi. Einnig segja þeir að það hafi legið lengi fyrir og það væri ekkert leyndamál, að unnið væri að endurskipulagningu á fjárhagsfélagsins.

– smari@bb.is

Að loknum kosningum

Þá hafa kjósendur talað og í sumum tilvikum mjög skýrt. Í Ísafjarðarbæ hefur Í listinn náð langþráðu takmarki og fengið hreinan meirihluta. Listanum er óskað til hamingju með árangurinn. Að sama skapi hefur Sjálfstæðisflokkurinn tapað fylgi, en fylgið, 32,3%, hefði við réttar aðstæður dugað fyrir 4 fulltrúum. Það er ótrúlegt að Í listinn skuli hafa skilað 5 fulltrúum með aðeins 44% fylgi. Björt Framtíð féll með 165 atkvæði, sem skiluðu 8,2%. Það hljóta að vera aðstandendum vonbrigði. Að meðaltali eru 8,8% að baki hverjum manni Í listans og 10,77 að baki hverjum fulltrúa Sjálfstæðisflokks. Framsókn haggast ekki fremur venju og fær einn mann með 15,6% atkvæða. En svona er kosningakerfið. Ef reynt er að lesa í þessar tölu refsa kjósendur Sjálfstæðisflokki, en telja Framsókn ábyrgðarlausu af verkum síðasta meirihluta.

Það er að margan hátt undarleg niðurstaða. Hvort telja skal það væntanlegum bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ til tekna að hafa leikið tveimur skjöldum undir lok kjörtímabilsins, skal ósagt látið hér. Vonandi reynist hann vel og betur en í

síðustu bæjarstjórn og verði nú hreinni og beinni í afstöðu sinni. Gísli Halldór Halldórsson er án efa maður nokkurra kosta og hefur þokkalega stóra fjölskyldu að baki sér. Hvar hann stendur í pólitík er vandi að segja til um. En hollt er að muna að dreifing atkvæða er á stundum lykilatriði er kemur að niðurstöðu kosninga. Í listinn naut þess að Björt Framtíð féll. Sjálfstæðisflokkurinn galt þess. Árið 1986 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 45,6% atkvæða í Ísafjarðarkaupstað. Það dugði einungis fyrir 4 fulltrúum á meðan Alþýðuflokkurinn í Keflavík fékk 5 með 44,3%. Það er sköndin tilviljun að atkvæðahlutföll reynast oftast vinstri mönnum betur en þeim sem teljast til hægri. Þessi mörk vinstri og hægri eru þó löngu orðin óljós og dauf eins og sannast á tveimur fyrirverandi bæjarfulltrúum. Gísli Halldór veðjaði persónulega rétt, en munu íbúar njóta þess á næstu fjórum árum.

Næst verður heildarniðurstaða kosninga um allt land skoðuð. En kjósendum alls staðar er óskað til hamingju með niðurstöðuna.

Vonandi verður hún til góðs.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Rose Úrbeinuð kjúklingalæri 700g



KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSINAR



Islandsnaut Ungnautapíparsteik



Bónus BBQ grill grísa bógsneiðar



Bónus BBQ grill grísa kótilettur



Grill lambalærissneiðar 1.FLOKKUR



Grill lamba-sirloin sneiðar



Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSID



Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSID



Kjörfugl ferskar kjúklingabringur



Kjörfugl ferskir kjúklingaleggir



Kjörfugl ferskir kjúklingavængir



Kjörfugl ferskir blandadir kjúklingabitar

Fann sinn eigin Hnífsdal í borginni

Óhætt er að segja að Hnífsdælingurinn Kristján Freyr Halldórsson sé maður sem er margt til lista lagt. Hann er verslunarstjóri bókabúðar Máls og menningar, trommari í þremur hljómsveitum, einn af skipuleggjendum tónlistarháttáráðarinnar Aldrei fór ég suður frá upphafi, formaður Félags bóksala á Íslandi og margt fleira. Nú hefur hann einnig snúið aftur í pólitíkina sem einn af framþjóðendum Bjartar framtíðar í Reykjavíkurborg í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum eftir að hafa ekki verið viðriðinn stjórn-sýslu síðan Fönklistinn var og hét. Eins og margir muna var hann skipaður ungmennum sem buðu sig fram við sveitarstjórnarkosningarnar á Ísafirði fyrir tæpum tveimur áratugum.

Fastakúnnanum boðin vinna í búðinni

Kristján Freyr stýrir einni virtustu og rótgrónustu bókabúð landsins, en hann tók við verslunarstjórninni 2011. Verslunin er í húsinu við Laugaveg 18 í Reykjavík og hefur verið einn af hornsteinum íslenskra bókmennta og íslenskrar menningar í hálföld.

„Mál og menning hefur verið bókabúð með þessu nafni á þessum stað síðan 1961 og var því 50 ára afmæli verslunarinnar fagnað árið 2011. Hún á sér ríkar hefðir í okkar menningu og viðskiptavinir hennar eru þverskurður af íslensku þjóðinni. Ég ber mjög sterkar taugar til þessarar búðar.

Þegar ég flutti að vestan árið 1998 með Gumma vini mínum, [*Gudmundi Birgi Halldórssyni*] bjuggum við á Klapparstíg, nánast á næsta horni við Mál og menningu. Þegar maður var að hlaupa út í bæ gleymdi ég mér oft á tíðum í Máli og menningu. Það er eins og það myndaðist eitthvað sog við hurðina og maður stóðst ekki freistinguna að klíkja þar inn.

Ég var orðinn svo mikill fastagestur, að þegar ég var á þriðja ári í háskólanum spurði þáverandi verslunarstjóri hvort ég vildi ekki bara byrja að vinna þarna. Ég sló til og hef unnið þar síðan. Ég gleymdi meira að segja að klára háskólann, en ég var í íslensku- og enskúnaði og farinn að leggja drög að ritgerð. Sú ritgerð var nú aldrei klárúð, en hins vegar hef ég sótt mér ýmsa fræðslu sem helst tengist verslunarrekstri, bæði hefðbundnum og vefverslun. Ég setti einmitt upp vefverslunarkerfi fyrir verslanir Pennans og Eymundsson og hef stýrt ýmsum verkefnum þessu tengdum. Mér finnst þessir tveir vinklar í verslunarrekstri mjög áhugaverðir og vinnast mjög vel saman.“

Bóksalar í baráttu við risa með ástríðuna að vopni

„Það er mjög gaman að versla með bækur, en bóka-verslun- rekstur er frekar áhættusamur bransi þar sem hann stjórnast af markaðnum sem getur verið ansi óstöðugur oft á tíðum. Sérversl-

anir og kaupmennirnir á horninu eru að hverfa og risarnir kollríða öllu með keðjunum sínum. Það er mín helsta ógn myndi ég segja, því að þótt kaupmennirnir séu með ástríðuna að vopni, þá koma stórmarkaðirnir sem versla með þessar vörur í tvo mánuði á ári og fleyta af rjómann í sölnunni. Við fáum ekki ráðið við þetta, en bóksalar hafa þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum. Mér myndi finnast það afar sorglegur harmleikur ef þeir myndu alfarið hverfa og fólk gæti eingöngu keypt sínar bækur í kælunum í Bónus. En ég held og vona að það sé nú ekki hættu á því á meðan fólk hefur enn ástríðu fyrir bókum.“

Kristján fékk þá hugdettu að halda upp á Dag bókabúðanna, sem haldinn var nú í maí.

„Ég held að þetta sé í fyrsta sinn á landinu sem og heiminum öllum sem haldinn er slíkur dagur. Ég gat allavega ekki fundið neinar heimildir um að annars staðar væri haldinn dagur bókabúðanna. Ég er ákaflega stoltur að hafa fengið þessa hugmynd. Ég er formaður Félags bóksala á Íslandi og þegar ég viðraði þessa hugdettu við kollega mína þar leist öllum vel á. Markmiðið er ekki bara að vekja athygli á því góða starfi sem fram fer í bókabúðum um allt land heldur líka að stuðla að auknum bóklestri. Til að mynda fékkst með hverri seldri barnabók önnur í kaupbæti á degi bókabúðanna.

Það er nefnilega þannig að bókabúðir eru miklu meira en bara sala á bókum. Mál og menning er eins konar menningarmiðstöð. Starfsmenn hennar hafa alla tíð lagt mikinn metnað í að gera eitthvað í kringum bækurnar, eins og að fá í heimsókn skáld og rithöfundu til að koma og fagna útgáfu bóka sinna.“

Svipaður póll hjá Fönklistanum og Besta flokknum

Kristján Freyr bauð sig fram í 7. sæti Bjartar framtíðar í Reykjavík nú í maí.

„Ég hef ekkert fengist við pólitík síðan Fönklistinn var í framboði árið 1996. Það hefur oft verið leitað til mín, en ég vildi ekki fara út í neitt slíkt fyrr en nú. Margir góðir vinir mínir eru meðal þeirra sem byggðu upp Besta flokkinn á sínum tíma, þar á meðal Óttar Proppé, sem er einmitt fyrrum samstarfsmaður minn í Máli og menningu. Þeir sem muna eftir Fönklistanum og þeim málefnum sem hann stóð fyrir gátu séð svipaðan pól og þann sem Besti flokkurinn stóð fyrir. Ég tók ekki þátt í uppbyggingu þess flokks á sínum tíma, en nú er ég að öggra sjálfum mér. Sérstaklega langar mig að beita mér gegn þessari leiðinlegu hit sem er í samskiptum á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar sem hefur verið mér mjög hugleikin.

Eins og flestir vita er Björt framtíð þetta pólitíska afl sem

Besti flokkurinn leiðir af sér og mér hugnast mjög þær hugmyndir sem það stendur fyrir. Það er verið að stíla inn á nýtt verklag og nýja hugsun í stjórn málum. Rétt eins og ég var að gera þegar ég var menntskælingur með vinum mínum í Fönklistanum er verið að ýta við gömlum kreddum og sparka niður þeim hugmyndum að listar eigi að vera með ákveðna prósentu af atkvæðum í áskrift án þess að þurfa vinna neitt sérstaklega fyrir því. Ég ætla að gangast við samfélagslegri skyldu minni og bjóða mig fram til góðra verka í borginni. Með því er ég einnig að gangast við því að vera íbúi í Reykjavík, en ég uppgötvaði einmitt á dögunum að ég, sem alltaf kynni sjálfan mig sem Hnífsdæling, hef búið lengstan hluta ævi minnar í Reykjavík.

Ég þarf hvorki að réttlæta né afsaka það, en fyrir mér er Reykjavík sams konar sjávarþorp og Hnífsdalur, borgin er í raun minn Hnífsdalur. Ég upplifi svolítið núna að mín Reykjavík sé þorp, þó það sé af annarri stærðargráðu. Ég er að ala upp börnin mín hér í Hlíðahverfinu og þarf ekki að fara lengra en í Óskjuhlíðina til að komast út í náttúruna og út í Nauthólsvík til að komast að sjó, en það er yndisleg náttúru-perla. Svo er ég með minn kaupmann á horninu í Sunnubúðinni. Stofnandi þeirrar búðar er einmitt að vestan. Hann heitir Óskar og er ættaður úr Bolungarvík, sem

Sælkeri vikunnar er Ásta Kristinsdóttir að Hólum í Dýrafirði

Fiskirönd og rækjuréttur

Þessi matur var í upphaldi hjá okkur þegar ég var lítill. Mamma spurði stundum hvað á ég að hafa í matinn á sunnudaginn (eins og húsmæður spyrja oft) og þá var svarið fiskirönd.

Fiskirönd með kartöflumús

Hakkaður fiskur, ýsa eða þorskur.
Salt
Pípar
Ca 2 egg
Sléttíð ofan á skálina með fasinu og skiptið í fjóra parta.

Takið einn partinn upp og setjið hveiti og kartöflumjöl í hólfið sem myndaðist. Hrærið vel saman, fjórði parturinn með. Smyrjið hringlaga kök form vel með smjörliki og stráði raspi inn í og setjið svo hræruna í formið. Vatn sett í pott og formið ofan í. Látið vatnið ekki fara yfir formið og sjóðið í ca 50 mín. Með þessu er borin fram kartöflumús og brætt smjörliki með lauk.

Rækjurétturinn hennar mömmu

Sóðin hrísgrjón

Aspas,
Rækjur
Sósan í réttinn
¼ ltr. rjómi
½ dós sýrður rjómi
2 matskeiðar Majones
Hrísgrjónin, rækjurnar og apas sett í eldfast mót. Sósan hrærd út í skál eða könnu og helt yfir. Bakað í ofni í ca. 20-30 mínútur við 180 gráðu hita. Borið fram með ristudu brauði.

Verði ykkur að góðu.
Ég skora á Iwonu Motycka og Kristján Ástvaldsson á Þingeyri að vera næstu sælkerar.



sagt bolvísk kaupmennska eins og hún gerist best.“

Er um ein þjóð

„Mitt helsta málefni í þessu framboðspoti mínu er að vinna gegn þessari kergju sem virðist vera milli höfuðborgarbúa og annarra landsmanna, sem endurspeglast mjög í umræðunni um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Mér finnst það afskaplega leiðinlegt mál. Skoðun okkar er sú að Reykjavík eigi að hafa flugvöll og fá þverskurð þjóðarinnar í heimsókn. Reykjavík sinnir ákveðnum skyldum sem höfuðborg og það á ekki að þurfa vera hit á milli t.d. Ísafjarðar og Reykjavíkur. Mér finnst svo leitt að heyra neikvæðar raddir um þetta í báðar áttir. Mér finnst þessi leiðindasamskipti stafa að miklu leyti af vanþekkingu á báða vegu. Sem sagt fólk á landsbyggðinni áttar sig ekki á því hvernig hlutirnir virka í borginni og borgarbúar skilja ekki hvernig þetta gengur fyrir sig á landsbyggðinni.

Þessari vanþekkingu og miskilningi þarf að eyða og efla samskiptin milli allra landsmanna. Í Reykjavík er Þjóðarbókhlaða, Landspítali, Þjóðleikhúsið o.s.frv. og hingað þurfa landsmenn að sækja ýmsa þjónustu. Ég vil að Reykjavík beri virðingu fyrir þessu og þeirri gæfu að fá alla samlanda okkar í heimsókn. Allir landsmenn þurfa líka að skilja að fólk sem býr í Hafnarfirði er í grunninn sama fólk og býr í Trékyllisvík, er bara að glíma við mismunandi verkefni eftir búsetu. Við verðum að skilja að það eru ótrúlega slæmar samgöngur milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar til dæmis og við eigum að geta búið við þau lífsgæði að geta komist á milli staða í fjórðungnum. Sömuleiðis eru umferðaræðar borgarinnar orðnar útsprengdar.

Þó svo að vandamálin séu ólík verðum við að reyna skilja vandan hvert hjá öðru og reyna koma til móts hvert við annað. Við erum jú eftir öll ein þjóð. Ég vil því fá vini mína úti á landi til að hætta að tala um lattélepjandi miðbæjarrottur alveg eins og ég nenni ekki að hlusta á Reykvíkinga tala um landsbyggðarplebba á gúmmítúttum. Þetta verður hreinlega að hætta. Við erum ekki stór þjóð og eigum að geta búið saman í sátt og samlyndi.

Þetta er það málefni sem ég hef mikið verið að brydda upp á innan herbúða Bjartrar framtíðar og vonandi tekist að einhverju leyti að auka skilning á báða boga.“

Ný plata væntanleg hjá Prins Póló

Þrátt fyrir annríki í pólitík og bóksölu er Kristján alltaf með puttana í tónlistinni. Auk þess að hafa komið að rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður þau tíu ár sem hún hefur verið við lýði er hann í



Ljósmynd og ljósmynd á forsiðu: Matthías Árni Ingimarsson.

þremur hljómsveitum, Prins Póló, Dr. Gunna og Reykjavík!

„Það er að fara koma út ný plata frá Prins Póló en hljómsveitin Reykjavík! er lítt starfandi um þessar mundir. Við erum allir út um hvíppinn og hvappinn eins og stendur og ég sakna þeirra vina minna mikið og væri allveg til í að hitta þá meira. Eins hefur það reynst mér mikil gæfa að starfa með Prins Póló, en þess má geta að hljómsveitarmeðlimir mínir, hjónin Svavar og Berglind, hafa búið á Drangnesi í vetur og eru nú að flytja austur. Þau hafa því verið mjög upptekin að búa

úti á landi og rækta hluti og ég er stoltur af þeim fyrir það. En við verðum að spila mikið saman í sumar.

Svo hef ég verið að vinna mikið með Dr. Gunna, en við gáfum út barnaplötu fyrir síðustu jól. Við erum að fara spila á barnahátíð á næstunni. Það veitir mér mikla gleði að spila fyrir börn og hlakka ég því mikið til. Ég er því mjög sáttur að reka mína bókabúð og spila tónlist þess á milli. Ég hef mjög gaman af því að skapa eitthvað enda hjálpar það mér að hafa gaman af lífinu. Undirstaðan er samt að eiga góða fjölskyldu

og vini og þar tel ég sjálfan mig vera einstaklega heppinn mann. En maður verður að passa að rækta þau tengsl áður en maður fer að rækta eitthvað annað.

Það heldur mér svolítið lifandi að vera með marga bolta á lofti í einu. Ég rek það svolítið aftur til barnæsku minnar í Hnífsdal þar sem maður var út um allt að gera alls konar hluti. Maður var að leika sér í fjörunni, upp í fjöllum og inn í dal. Ég held að það hafi mótað mig að þeim manni sem ég er í dag, ég efa það ekki að alast upp í Hnífsdal sé eitthvað sem ég búi að fyrir lífstíð. Orða-

tiltækið *Þorpið sem ól upp börnin sín* á mjög vel við þegar Hnífsdalur er annars vegar.

Ég ætla þó ekki að segja að það að alast upp í Hnífsdal hafi endilega verið betra en að alast upp í Reykjavík, bæði hefur sína kosti og galla. Maður verður því að bera virðingu fyrir því að það hefur ábyggilega verið jafn gott að alast upp í Breiðholti, á Dalvík eða hvar sem er á landinu. Það er sami rassinn undir okkur öllum, ekki rétt?“ segir landsbyggðarmaðurinn og borgarbúinn Kristján Freyr Halldórsson.

– Thelma Hjaltadóttir.

Munurinn meiri en við áttum von á

Hreppslistinn sigraði kosningarnar í Súðavíkurhreppi með 61,8 prósentum atkvæða og fékk þrjú menn kjörna. Lýðræðislistinn fékk 38,4 prósent og tvo menn kjörna. „Við bjuggumst við að þetta yrði jafnt en munurinn varð heldur meiri en við áttum von á,“ segir Pétur Georg Markan, oddviti Hreppslistans. Pétur var sveitarstjóraefni listans.

„Nú fer í gang hefðbundið ferli og ný sveitarstjórn tekur fljótlega við og ég geri ekki ráð fyrir öðru en að ég verði ráðinn,“ segir Pétur. Hann segir það mikilvægasta að fimm öflugir fulltrúar hafi valist í sveitarstjórn. „Og ekki bara fimm, þetta voru vel mannaðir listar sem þýðir að við eigum auðvelt með að manna nefndir. Við erum vel sett í Súðavík eftir þessar kosningar og horfum björtum augum til framtíðar með úrvals fólki með okkur og það skiptir mestu máli,“ segir Pétur.

– smari@bb.is

Íbúalýðræði og bætt stjórn-sýsla fyrstu verk meirihlutans

Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans er himinlifandi með úrslit bæjarstjórnarkosninganna í Ísafjarðarbæ. „Þetta var það sem við vonuðum og stefndum að. Við erum alveg ótrúlega ánægð með þessa niðurstöðu. Það kom fram nýtt framboð svo við getum vel við unað. Við áttum alveg eins von á að Björt framtíð næði inn manni því þeirra listi var vel skipaður. Það hefði ekki komið á óvart hefðu þau náð inn manni,“ segir hún. Fram hefur komið að það stóð mjög tæpt milli fyrsta

manns Bjartrar framtíðar og fimmta manns Í-lista og þurfti Björt framtíð einungis á fá 13 atkvæði til að fella hreinan meirihluta Í-lista.

„Við setjumst niður á morgun (þriðjudag) og leggjum línur fyrir framhaldið. Gamla bæjarstjórnin er enn að störfum. Við eigum nóg af fólki til að taka að sér þessi verk. Við þurfum ekki að semja við neinn nema okkur sjálf og því getum við gefið okkur tíma,“ segir Arna Lára.

Hún segir að bæjarbúar muni



Arna Lára Jónsdóttir.

finna fyrir að nýtt fólk með nýjar áherslur taki við stjórnun sveitarfélagsins. „Við stöndum fyrir betri stjórnsýslu og íbúalýðræði og þetta verða okkar fyrstu verk,“ segir Arna Lára. En hvað á hún við með íbúalýðræði? „Við viljum virkilega virkja íbúasamtökin, fá þau meira að ákvarðanatöku. Við meinum það sem við sögðum í kosningabaráttunni um betri stjórnsýslu og íbúalýðræði,“ segir Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans í Ísafjarðarbæ.

– smari@bb.is

Mikill stuðningur við verk meirihlutans

Elías Jónatansson, oddviti framboðs Sjálfstæðisflokks og óháðra í Bolungarvík, segir úrslit bæjarstjórnarkosninganna mikinn stuðning við verk meirihlutans á síðasta kjörtímabili. Framboðið fékk 61,6 prósent atkvæða sem aukning um eitt prósent frá kosningunum 2010. „Við erum að auka fylgið og það er mikil traustsyfirlýsing og lýsir almenn-

ri ánægu bæjarbúa með verk meirihlutans á kjörtímabilinu,“ segir Elías. Hann hefur verið bæjarstjóri í Bolungarvík í sex ár og var bæjarstjóraefni D-listans fyrir kosningarnar. Með áframhaldi hreinan meirihluta verður að gera ráð fyrir að Elías verði áfram bæjarstjóri og segir hann það vera í kortunum en tekur fram að það sé bæjarstjórnar að

ráða nýjan bæjarstjóra.

Aðspurður hvort einhverjar hvaða breytingar verði í Bolungarvík á kjörtímabilinu segir Elías að unnið verði eftir stefnuskrá D-listans. „Við erum að fá mjög sterkt umboð til að fylgja henni eftir. Við erum greinilega að ná samhljómi við bæjarbúa vilja að gerist í bænnum,“ segir Elías. M-listi, listi Máttar meyrja og manna

fékk 38,3 prósent í kosningunum í Bolungarvík. Í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn og óháða verða Elías Jónatansson, Margrét Jómundsdóttir, Guðbjörg Stefánía Hafþórsdóttir og Baldur Smári Einarsson. Soffía Vagnsdóttir, Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Stella Gissuraróttir verða fulltrúar M-lista.

– smari@bb.is

6. Júní - 10. Júní
* Ísafjarðarbæ *
SÝND BÆÐI Í 2D OG 3D
ANGELINA JOELI
Disney
MALEFICENT 10
FÖSTUDAG KL 9 3D
LAUGARDAG KL 8 3D
SUNNUDAG KL 8 3D
MÁNUDAG KL 8 2D
LEA MICHELLE
SYND BÆÐI Í 2D OG 3D
FOLLOW THE YELLOW BRICK ROAD TO AN AMAZING NEW ADVENTURE
TÖFRALANDIÐ
OZ
MÁNUDAG KL 2. 2D
MÁNUDAG KL 4. 3D
3 vikur á toppnum á Íslandi
Allra síðasta sýning
VONARSTRÆTI
ALLIR HAFA EITTHVAÐ AÐ FELLA
ÞRIÐJUDAG KL 8 12



Kampi er með stærri vinnuveitendum á Ísafirði.

Rækjuverksmiðjan Kampa lokar í fimm vikur vegna hráefnisskorts

Starfsfólki rækjuverksmiðjunnar Kampa ehf. á Ísafirði var tilkynnt um fimm vikna lokun vegna hráefnisskorts á fundi með stjórnendum verksmiðjunnar í síðustu viku. Í tilkynningu sem fyrirtækið sendi til Verk Vest og Vinnuálastofnunar á föstudag segir að útlit fyrir hráefnisöflun í sumar sé ekki gott og þar vegur þyngst að væntanlega verður

ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um 5000 tonna veiði á úthafs-rækju útaf Norðurlandi náð í sumar sem þýðir að sett verður á veiðibann sem líklega nær yfir stóran hluta júlí og allan ágúst. Einnig er útlit fyrir að erfiðara verði með hráefnisöflun erlendis frá og Kampa er ekki með neitt fast í hendi núna sem hægt er að byggja á fyrir sumarið. Því hefur

þessi ákvörðun um lokun í sumar verið tekin.

Í tilkynningu frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga segir að Verk Vest hafi ítrekað bent á ábyrgð stjórnvalda á stöðu rækjuvinnslu í fjórðungnum með breytingum á úthlutun veiðiheimilda á rækju. „Félagið hefur varað við þeirri stöðu sem gæti komið upp og er nú orðin að veruleika ef breyting-

arnar næðu fram að ganga. Hefur félagið gert svo í ályktunum og opinberri umræðu ásamt bréfaskrifum til þingmanna Norðvesturkjördæmis án þess að brugðist hafi verið við með hagsmunum starfsfólks að leiðarljósi. Hátt í 40 starfsmenn sem koma að rækjuvinnslu á Ísafirði verða því án atvinnu í 5 vikur frá 11. júlí til 18. ágúst.“

– smari@bb.is



> Vel sjóaðir reynsluboltar

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

www.samskip.is

samskip

Saman náum við árangri

Dagar Íslands

5. júní 1991: Hæstiréttur kvað upp dóm í Hafskipsmálinu, sem hófst með gjaldþroti fyrir-tækisins 6. desember 1985.

Flestir hinna ákærðu voru sýknaðir af öllum ákærum.

6. júní 1938: Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Fjórði hver Reyk-víkingur tók þátt í hátíðar-höldunum.

6. júní 1982: Minnisvarði um Oddgeir Kristjánsson tónskáld var afhjúpaður í Vestmanna-eyjum. Meðal laga hans eru Ég veit þú kemur og Ágústnótt.

7. júní 1992: Nýr Herjólfur kom til Vestmannaeyja. Skip-ið var 70 metra langt og gat flutt 480 farþega og 62 bíla.

8. júní 1789: Jarðskjálfta-hrina hófst á Suðurlandi, frá Selvogi til Þingvalla. Í heila viku voru skjálftar með allt að 10 mínútna millibili. „Land seig norðan Þingvallavatns milli Almanna-gjár og Hrafn-gjár um rúma 60 sentimetra, vellirnir urðu að mýrlendi og mun það meðal annars hafa orðið átylla til að leggja þinghald þar niður árið 1800,“ segir í Náttúru Íslands.

9. júní 1994: Eldur kom upp í fjölbýlishúsi í Keflavík. Á ann-að hundrað íbúar urðu að yfirgefa húsið og tjón varð mikið vegna elds og vatns.

10. júní 1986: Fimm þúsund krónu seðill var settur í um-ferð. Á honum er mynd af Ragnheiði Jónsdóttur, en hún var kona tveggja Hólabisk-upa og annáluð kona.

11. júní 1971: Kjartan Ottóson, 15 ára nemandi Réttar-holtsskóla, hlaut 10 í meðal-einkunn á landsprófi. Hann er nú háskólakennari í Noregi.

11. júní 1994: Sveitarfélögum fækkaði um 18 með samein-ingu 25 eldri sveitarfélaga.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hæg NA-læg átt og víða bjartveðri, en þokuloft á ann-esjum N- og A-lands og stöku skúrir syðst.

Horfur á laugardag:

Hæg austlæg eða breytileg átt, víða bjartveðri og hlýtt í veðri. Sumsstaðar þoka.

Horfur á sunnudag:

Hæg austlæg eða breytileg átt, víða bjartveðri og hlýtt í veðri. Sumsstaðar þoka.

				Lyfja- verslun	✓	Greinir Skop- leikrit	☺	Samhlj.	Ræktar- land Vætuna	✓	Grein Leik- tækið
				→							↘
				Hita- tæki				Sterk Drasl			
				Ögn						✓	
				Málhelti							↓
Jón Steingr.	↓	Niður Kopar Plön	Hugur Ókyrr Fiskur			✓					
Skýja- borg									✓		
Styrkja					R.vík Bú- pening		↑	Glerhallur			
Nagla Kona Átt											
Ókunnur	↔			Kona 500						Sérhlj. Nefndi	
Rúm		✓				Tónn		Sproti			
Óðir						Mjög		Átt			
Kantur											
→				Törn Maður Ókunnur					1001 Ljós- færið		
↶								Gæfa Yfirhöfn			
Titill Stingi sér		✓	Fyrstur		Aragrúa						
Pússa			Hita		Eins um A						
Ljót húfa	↘										Sömu
	Pláss										
↶								Lykkja Sömu			
Væta											
Höfuð- borg			Myrkur Venju Átt		✓						
↶											
						Æðið					

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

TVISTURINN

2x18 lítra á sleða.
Mál: 31 x 46/36cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

		Á		Ú	V			A				
	⇒	H	I	T	T	I	R	↻	F			
		Æ	Ð	I	S	T	U	N	D			
		T	A	N	K		R	A	R			
Jón Steingr.	↓	S	T	R		I	L		G	E		
		A	U	K	A	G	E	P	I	L	L	P
A	N	N	A		R	A	T	T		A		
		D	A	M	L	A		A	U	R	N	I
H	A	R	M		N	Á		R	A	N	N	
		R	Ó	E	N	D	A	R		R	Á	N
Ó	T	A	L		V	R	Ú	R	A	H		
		A	Ð		H	A	N	N	A		Ö	L
		K		A	L	R	Á	N		A	F	E
Í	S	T	R	U		K	A	M	P	U	R	
	↻	A	Ð	S	T	O	Ð		I	Ð	U	
V	Í	R	U	S		N	A	U	T	I	N	
		Í	F	R	A	M	A	R	M	Æ	Ð	A

Sýning á út-saumsmyndum

Sýning á út-saumsmyndum Jóns Þór Jónssonar var opnuð í Safnahúsinu á Eyrartúni á laugardag fyrir viku. Jón Þór saumaði fyrsta klukkustrenginn þegar hann lá á sjúkrahúsinu á Ísafirði 18 ára gamall en hóf svo að sauma út krosssaumsverk fyrir alvöru þegar hann rak félagsheimilið Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á árunum 1973 til 1978. Hann saumaði líka mikið út þegar hann rak Hannyrðabúðina á Ísafirði á árunum 1977 til 1981.

Betri en menn þorðu að vona

Golfvertíðin er hafin hjá Golfklúbbi Ísafjarðar en golfvöllurinn í Tungudal var formlega opnaður á föstudag. Að sögn vallarstarfsmanna er völlurinn mun betri en menn þorðu að vona eftir snjóþungan vetur og mikinn klaka á flötum. Í febrúar var útlitið ekki gott og óttuðust menn kal í nokkrum flötum. Stefnt er að því að völlurinn verði kominn í toppstand í tíma fyrir Íslandsmót 35 ára og eldri sem fer þar fram dagana 17. til 19. júlí í sumar en spilað verður bæði á golfvöllinum í Tungudal og á Syðridalsvelli í Bolungarvík.

Undanfarna daga hefur fjöldi félaga unnið á vellinum til að undirbúa hann fyrir sumarið. Barna- og unglinaæfingar hefjast 11. júní og sama kvöld hefst ókeypis golfnámskeið fyrir full-orðna.

Mæðgin og feðgin í framboði

Mæðgur voru saman í framboði á M-listanum í Bolungarvík í kosningunum á laugardag og feðgin voru á D-listanum, auk þess sem þau eru öll frændfólk. Mæðgurnar eru þær Soffía Vagnsdóttir, sem skipaði 1. sæti M-listans og Birna Hjaltalín Pálmadóttir, sem skipaði 8. sæti listans. Feðginin á D-listanum eru Guðbjörg Stefánía Hafþórsdóttir, sem skipaði 3. sæti listans og faðir hennar Hafþór Gunnarsson, sem skipaði 9. sæti listans.

Þau fjögur eru síðan frændfólk eins og áður segir en Vagn Margeir Hrólfsson, faðir Soffíu, og Gunnar Leósson, faðir Hafþórs, voru hálf bræður.

smáar

Ábyrgt og reglusamt par á fer-tugsaldri leitar að 2-3ja herb. íbúð til leigu frá og með 1. júlí á Ísafirði. Upplýsingar í síma 778 8876 (Sandra).

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

GÖX HÚSASMÍÐI EHF
Öll almenn húsmíði

Bolungarvík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN SÍMI Í BOLUNGARVÍK 450 7900
 SÍMI Á ÍSAFIRÐI 450-7910
 VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB **STARFSMAÐUR ÓSKAST**

Óskum að ráða starfsmann á skrifstofu í 50% starf. Vinnutími frá 8:00 - 12:00
 Upplýsingar gefur Margrét Rakef á Bílaverkstæði SB Sindragötu 3, Ísafirði eða í síma 864 2079

Kampi EHF

Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HG HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðing sjávarauðlinda

NÝTT ÚTLIT Á HLEÐSLU OG NÝR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR



VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI.
HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR
ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI
MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNAR Á MILLI MÁLA.